

Ásta Sigríður Fjeldsted, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands
Hátíðarræða við brautskráningu – Háskólinn í Reykjavík
Laugardaginn 17. júní 2017

Útskriftarnemendur, rektor, starfsfólk Háskólans í Reykjavík og aðrir góðir gestir.

Hvað ætli mörg ykkar eigi eftir að starfa í framtíðinni við það svið sem þið eruð að útskrifast frá í dag? Ég er alls ekki að gera lítið úr háskólagráðum en tímarnir eru að breytast mun hraðar nú en nokkurn tíma áður og mörg þeirra starfa sem við fáumst við í dag verða hreinlega úrelt á næstu áratugum. Ég tel að reynslan úr náminu og ekki síst þau tengsl sem þið hafið myndað á þessum tíma verði lykillinn að velgengni ykkar á komandi árum.

Ég hóf starfsferil minn sem stoltur vélaverkfræðingur. Taldi að nákvæmlega það sem ég hafði skrifað lokaritgerð um væri það sem ég brynni fyrir. Ég var komin á kaf í hönnun á þrívíddarskanna fyrir gervilimi hjá Össuri hf. Þegar ég áttaði mig á því að ég var kannski ekki alveg á réttum stað. Þessi glampi í augum starfsfélaga minna var ekki til staðar hjá mér. Hafði ég stritað í gegnum allt háskólanámið til að enda hér?

Í dag er ég komin svo langt frá öllu því sem ég lærði að fólk nánast hrekkur í kút þegar ég segi að ég sé vélaverkfræðingur. Ég fór úr þrívíddarskannanum hjá Össuri, yfir í sölu-og markaðsturf hjá IBM í Kaupmannahöfn. Þaðan í tækniráðgjöf hjá alþjóðlega ráðgjafafyrirtækinu McKinsey & Company víðs vegar í Evrópu og að lokum í ritstjórn hagvaxtarskýrslu um Framtíð Japans, sem ríkisstjórn þar í landi hefur til hliðsjónar í dag.

Ef ég hefði haldið fast við áætlanir mínar og ekki leyft óvæntum tækifærum og tilfinningum að leiða mig áfram milli starfa og landa að þá stæði ég líklega ekki hér, nýkomin heim, eftir 14 ára ævintýri erlendis, í spennandi starf sem einmitt kom óvænt upp hjá Viðskiptaráði Íslands í byrjun árs þegar engar áætlanir voru um að flytja heim frá Japan.

En af því að ég minntist á Japan að þá er margt hægt að læra af þeim. Á degi sem þessum kemur eitt mikilvægt japanskt orð upp í huga mér, en það er orðið „gaman“. „Gaman“ á japönsku þýðir nefnilega ekki að eitthvað sé skemmtilegt - heldur þýðir það þolinmæði. Kannski dálítið lýsandi fyrir japanskt samfélag...en góðir hlutir gerast hægt. Takið ykkur tíma.

Í þessum heimi sem við lifum í dag gerist ekkert nógu hratt... við erum á sífelldri hraðferð, ætlum ekki að missa af neinu og pressan, sérstaklega hjá ungu fólki, á að ná árangri hefur aldrei verið meiri. Ég þekki þetta sjálf allt of vel.

Það er nefnilega ekki langt síðan að ég áttaði mig á því að lífið er langhlaup - ekki spretthlaup. Ég var stödd ein inni á glæsilegu hótélherbergi í Asíu, búin að vinna sleitulaust í marga mánuði, langt frá öllum þeim sem mér þótti vænt um, að harka af mér enn einn erfiða vinnudaginn, þegar ég áttaði mig á því að þessi ímynd sem ég var að reyna að halda í við var bara ekki lengur kúl. Ég var að niðurlotum komin.

Ég er ekki ein um að hafa upplifað slík tímamót í lífinu. Það eru margir. Í sumum tilfellum er búið að brenna kertið í báða enda og ekki hægt að kveikja sama ljós aftur. Því segi ég að heilsan er það dýrmætasta sem þið eigið – ekki síður andleg en líkamleg, og hana ber alltaf að setja í forgang.

Látið lífið leiða ykkur áfram, verið þolinmóð, sýnið úthald, en gangið ekki of nærri ykkur.

Kæru útskriftarnemar. Ég er stolt af aðkomu Viðskiptaráðs Íslands að stofnun og uppbyggingu Háskólans í Reykjavík. Viðskiptaráð hefur í heila öld lagt metnað í að styðja við menntun á Íslandi og við teljum það okkar mikilvægasta framlag til atvinnulífs og samfélagsins í heild.

Um leið og ég óska öllum útskriftarnemum og aðstandendum til hamingju með daginn er það mér mikil ánægja að veita að lokum nokkrar viðurkenningar fyrir hönd Viðskiptaráðs Íslands.

Hefð er fyrir því að Viðskiptaráð veiti þeim nemanda sem hæsta einkunn fær frá hverri deild HR viðurkenningu við útskrift. Ég vil því biðja eftirtalda nemendur að koma hér upp og veita viðtöku þessari viðurkenningu:

Úr lagadeild	Diljá Ragnarsdóttir
Úr lagadeild	Tómas Aron Viggósson
Úr fjármálaverkfræðideild	Aron Björn Bjarnason
Úr tölvunarstærðfræðideild	James Elías Sigurðarson
Úr viðskiptafræðideild	Sindri Freyr Gíslason

Takk fyrir og njótið dagsins – og gleðilegan 17 júní!